

REGLUGERÐ**um bann við togveiðum fyrir Austfjörðum.**

1. gr.

Frá og með 31. maí 1988 eru allar togveiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af eftirfarandi punktum:

1. 64°02'54 N – 13°13'12 V
2. 64°01'05 N – 13°38'47 V
3. 64°27'13 N – 13°14'20 V
4. 64°33'59 N – 12°31'37 V
5. 64°25'14 N – 12°23'59 V
6. 64°19'32 N – 12°31'06 V
7. 64°05'40 N – 13°04'32 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 31. maí 1988 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 231, 6. maí 1988, um bann við togveiðum út af Austfjörðum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. maí 1988.

F.h.r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ**um flutning verkefna og önnur skil frá sýslunefndum til sveitarfélaga og héraðsnefnda.**

1. gr.

Héraðsnefndir, í umboði sveitarfélaga, taka í síðasta lagi 1. janúar 1989 við þeim verkefnum sem sýslufélögum/sýslunefndum eru nú falin með lögum, samkvæmt 6. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

2. gr.

Héraðsnefndir skulu frá sama tíma taka við öðrum þeim verkefnum sem sýslufélög hafa haft með höndum nema sveitarfélög, sem í hlut eiga, kjósi að taka við þeim sjálf eða fela þau öðrum s.s. byggðasamlögum eða landshlutasamtökum, samanber IX. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

3. gr.

Sveitarfélög innan hvers sýslufélags skulu sameiginlega tilkynna oddvitum sýslunefnda fyrir 1. október 1988 um formlega stofnun héraðsnefndar. Jafnframt skal tilkynna oddvita sýslunefndar fyrir sama tíma ef verkefni sýslufélaga skulu flytjast til annarra aðila en héraðsnefndar, samanber 2. gr.

4. gr.

Verkefnum skal skilað ásamt öllum skjölum og gögnum þeim tilheyrandi og skulu greinargerðir fylgja verkefnum, þar sem skýringa er þörf, svo að viðtakanda megi vera fullkomlega ljós staða þeirra og umfang.

Reikningslegt uppgjör skal hafa farið fram, þar sem það á við, miðað við 31. desember 1988 í síðasta lagi. Skal uppgjöri skilað til héraðsnefnda eða viðtakanda um leið og þau liggja fyrir, en í síðasta lagi 15. mars 1989.

5. gr.

Lögbundin verkefni sýslunefnda, sem fela í sér sjálfstætt úrskurðarvald í ágreiningsmálum s.s. samkvæmt lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og girðingarlögum nr. 10/1965, skulu fengin sýslumönnum í hendur.

6. gr.

Héraðsnefndir skulu taka við eignum og skuldum sýslufélaga í síðasta lagi 1. janúar 1989, samkvæmt 6. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, nema sveitarfélag/sveitarfélög sem aðild átti/áttu að sýslufélagi óski að yfirtaka þær. Hið sama gildir um ábyrgðir sem kunna að hvíla á sýslufélögum, nema samkomulag verði um að sveitarfélög skipti með sér ábyrgðum.

Standi önnur sveitarfélög að héraðsnefnd en stóðu að sýslunefnd skal uppgjör eigna og skulda fara fram eftir sömu reiknireglu og segir í 1. mgr. 7. gr., enda verði ekki samkomulag um aðra skipan.

7. gr.

Óski sveitarfélag/sveitarfélög, sem aðild átti/áttu að sýslufélagi, að yfirtaka eignir og skuldir sýslufélags, skal þeim skipt upp á hlutaðeigandi sveitarfélög með þeim hætti, að nettóhluti hvers sveitarfélags verði jafn hlutfallslegri þátttöku þessi í greiðslu sýslusjóðsgjalda miðað við meðaltal árána 1985–1988.

Mat og uppgjör á þessum eignum og skuldum skal falin þriggja manna matsnefnd, einum tilnefndum af hlutaðeigandi sýslunefnd/sýslunefndum, öðrum tilnefndum af hlutaðeigandi sveitarfélögum og þriðja tilnefndum af aðilum sameiginlega, eða dómkvöddum, ef samkomulag næst ekki.

Óski sveitarfélög og sýslufélög að haga uppgjöri þessu með öðrum hætti en 1. og 2. mgr. kveða á um, er þeim það heimilt, enda sé fullt samkomulag um málið.

8. gr.

Oddvitum sýslunefnda ber að hafa forgöngu um flutning verkefna og önnur skil samkvæmt reglum þessum, samanber ákvæði I til bráðabirgða í sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986.

9. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986 ákvæði I til bráðabirgða og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 19. maí 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Líndal.